

# Meindýraeyðing 2021

## Rottueyðing

4 starfsmenn unnu að meindýraeyðingu allt árið. Einnig voru 4 sumarstarfsmenn í vinnu frá 1.júní til 31. ágúst og sinntu forvarnarstarfi þ.e. eitrun í holræsabrunna. Eitrað var í 4.983 holræsabrunna 1.086 kg af beitu þ.e. 5.431 staukar, hver staukur er 200 gr.

Alls bárust 352 ( 389 ) kvartanir um rottu og músagang. Hver kvörtun þýðir a.m.k. fjórar ferðir til eftirlits og skoðunar að meðaltali. Rottum og músum var eytt á þeim stöðum sem kvartanir bárust frá.

Í niðurföll, v/kvartana og í fjörur borgarinnar var dreift 754 kg af beitu. Kvartanir v/músa voru 218 en v/rottu 134.

Kvörtunum vegna rottu fækkaði verulega frá fyrra ári en vegna músa var fjölgun á kvörtunum.

Fyrir nokkrum árum var þjónusta Meindýravarna Reykjavíkurborgar skorin niður og ekki er sinnt útköllum eftir kl 21.00 á kvöldin og ekki um helgar eins og áður var heldur þurfa borgarbúar að hafa samband við sjálfstætt starfandi meindýraeyða sem einnig hafa tekið að sér reglubundið meindýraeftirlit hjá fyrirtækjum, þessir áður nefndu aðilar ( sjálfstætt starfandi meindýraeyðar ) skila ekki af sér neinum gögnum um kvartanir vegna meindýra til opinberra aðila þannig að þar er um að ræða eitthvert magn kvartana vegna rottu og músa sem vantar í heildarmyndina.

Sú breyting varð á þjónustu Meindýravarna á árinu að kattamál voru flutt frá Meindýravörnum og tók Dýraþjónusta Reykjavíkur við þeim málum sem snúa að köttum í borginni.

## Eyðing vargfugls, refa, minka og fl.

Eingin kvörtun barst um óþægindi af völdum villidúfna. 5 kvartanir bárust vegna kanína og voru í þeim sóttar 5 kanínur sem ekið hafði verið á í nágrenni við Stekkjarbakka og víðar í borginni.

29 kvartanir bárust vegna minka á árinu og var þeim öllum sinnt. Áður fyrr sinntu starfsmenn Meindýravarna minkaleit að vori þar sem farið var með minkahunda um borgarlandið en nú hefur verið tekið upp breytt vinnulag og ráðnir voru verktakar í það starf.

Þá veiddist einnig allmikið af mink í gildirur en um 70 gildirur eru í notkun að jafnaði allt árið. Í þessum aðgerðum náðust 116 minkar á árinu. 3 kvartanir bárust vegna refa í ár og voru 4 refagreni unnin af ráðnum grenjaskyttum og náðust í grenjavinnslu 14 fullorðin dýr og 17 yrðlingar en fjöldi refa náðist einnig í vetrarveiði á Kjalarnesi Viðinesí og í Heiðmörk samtals 14 fullorðin dýr.

Skotnir voru 5.535 vargfuglar á árinu í borgarlandinu og tekin 15 egg.

72 kvartanir bárust vegna 87 geitungabúa sem staðsett voru við göngustíga, leikskóla, skóla og á opnum svæðum í borginni og var þeim öllum eytt.

Þá barst einnig fjöldi óska frá borgarbúum og lögreglunni í Reykjavík um aðstoð við að handsama eða fjarlægja ýmis dauð, særð eða lifandi dýr víða í borginni 137 beiðnir. Af þessum 137 beiðnum voru 11 vegna katta sem voru fluttir dauðir á Dýraspítalann í Viðidal þar sem þeir höfðu fundist víða í borginni eftir að ekið hafði verið á þá eða önnur óhöpp valdið dauða þeirra. Starfsfólk Dýraspítalans tilkynnir eigendum dýranna um afdrif þeirra ef dýrin eru merkt.

## Virðingarfyllt

---

**Guðmundur Björnsson**  
Rekstrarstjóri  
meindýravarna